



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á samverustund vegna
snjóflóðanna á Flateyri 1995 og 2020**

**Lindakirkju í Kópavogi
16. janúar 2020**

Ágætu Flateyringar,
kæra Vigdís,
biskup Íslands
og aðrir viðstaddir.

Ég þakka þann heiður að vera boðið að ávarpa ykkur hér, vera með ykkur á þessari samverustundu. Eliza kona mín sendir líka hlýjar kveðjur. Ég vil ekki mæla mörg orð og þá er nú best að maður velji þau vandlega. Ég þakka svo innilega að enginn lést í flóðunum fyrir vestan fyrir í vikunni. Ég þakka að það tókst að bjarga stúlkunni undan farginu. Ég þakka björgunarsveitarfólki, Landhelgisgæslunni, öllum öðrum sem urðu að liði á örlagastundu.

Það varð tjón og það hefði getað farið verr, bæði á Flateyri og Suðureyri. Það bíður okkar núna að tryggja enn frekar öryggi þar og annars staðar.

Þennan dag, fyrir aldarfjórðungi, féll ægilegt snjóflóð í Súðavík. 14 létust, þar af átta börn. Síðar um árið kom annað reiðarslag, 20 dóu í flóðinu á Flateyri, í þeim hópi fjögur börn. Hér erum við því líka á minningarstundu. Blessuð sé minning þeirra sem létust í hinum miklu hamförum. Og þakkir til þeirra sem þá lögðu sig alla fram í leit að lífi. Þakkir til þeirra allra.

Kæru vinir: Við búum í harðbýlu landi. Við höfum búið í harðbýlu landi í meira en þúsund ár og við erum ekki á förum, sjálfstæð þjóð og

dugleg, þrjósk og það hefur komið sér vel. Við höfum þurft að þola hvers kyns hamfarir og slys, skriðuföll og snjóflóð, jarðskjálfta og jarðelda, mannskaða á sjó og landi. Hafið og fjöllin geta valdið miska og sorg, en hafið og fjöllin laða sömuleiðis. Eða er það kannski fólkið – fólkið á þessum stað?

Já, það er fólkið á þessum stað – fólkið á Flateyri, fólkið í Súðavík og annars staðar vestra, fólkið hér syðra, fólkið um allt land. Samstaða og samkennd fleytir okkur svo langt. Við búum í harðbýlu landi, já, en landið er líka ljúft, eins og mannfólkið að fornu og nýju. Ein elsta rúnarista sem fundist hefur hér er nær þúsund ára gömul. Þar má greina eitt orð vel. Það orð er ást.

Sýnum hvert öðru samstöðu og samkennd. Það skiptir svo miklu máli. Þakka ykkur fyrir.